

Frú Ragnheiður – skaðaminnkun

Rauði krossinn óskar efir aðkomu Hafnarfjarðarbæjar að rekstri skaðaminnkunarverkefnisins Frú Ragnheiður, með árlegu fjárframlagi.

Frú Ragnheiður – Skaðaminnkun, er verkefni sem rekið er af Rauða krossinum í Reykjavík. Um er að ræða færanlega nálaskiptaþjónustu og heilbrigðisaðstoð, sem fer fram í þar til innréttuðum sjúkrabíl. Markmiðið er að ná til jaðarsettra hópa í samfélaginu, eins og heimilislausra einstaklinga og fólks með alvarlegan fíknivanda. Verkefnið hefur verið starfrækt frá árinu 2009 og hefur á þeim tíma sinnt um 500 einstaklingum.

Þjónustan í Frú Ragnheiði er tvíþætt. Annars vegar er veitt *nálaskiptaþjónusta* þar sem einstaklingar, sem sprauta sig með vímuefnum í æð, geta komið og sótt sér hreinan sprautubúnað, fengið nálabox og fræðslu um skaðaminnkun og öruggari sprautunotkun. Með því er reynt að stuðla að því að einstaklingar taki aukna ábyrgð á heilsu sinni og eigin neyslu. Einnig geta einstaklingar skilað til okkar notuðum sprautubúnaði sem fargað er á öruggan hátt á Landspítalanum.

Hins vegar er Frú Ragnheiður *lágmarks heilbrigðisþjónusta*, þar sem veitt er aðhlyning og umbúnaður sára, umbúðaskipti, blóðþrýstingsmæling, saumataka og almenn heilsufarskoðun og heilsufarsráðgjöf. Að auki bjóðum við skjólstæðingum okkar vítamín og steinefni, næringardrykki og orkustangir, enda eru margir þeirra illa nærðir.

Þjónustan er starfrækt fimm sinnum í viku í 3-4 klukkustundir í senn. Bíllinn stoppar á fyrirfram ákveðnum stöðum í Reykjavík, auk þess sem notendur geta hringt og mælt sér mót við bílinn hvar sem er á höfuðborgarsvæðinu, þar á meðal í Hafnarfirði.

Verkefnið byggir á sjálfbærni og starfi fjölbreytts hóps einstaklinga. Hver og einn stendur vakt tvisvar í mánuði en þjónustan er veitt alla virka daga.

Stærsti einstaki hópur sjálfboðaliða eru hjúkrunarfræðingar. Þá hefur verkefnið á að skipa læknum, félagsráðgjöfum, sálfræðingum og öðrum vel menntuðum og þjálfuðum sjálfboðaliðum. Allir sjálfboðaliðar fara á 10 klukkustunda námskeið í aðferðafræði skaðaminnkunar og áhugahvetjandi samtali.

Rauði krossinn í Reykjavík leggur til verkefnastjóra Frú Ragnheiðar í 50% starfshlutfalli, rekstur sjúkrabifreiðarinnar og kaup á hjúkrunarvörum. Áætlaður heildar rekstrarkostnaður fyrir árið 2016 er kr. 9.700.000.

Reykjavík er eina sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu sem hingað til hefur tekið þátt í rekstrinum með 2,2 milljóna króna árlegum styrk frá árinu 2013. Fyrir árið 2016 óskum við eftir 4 milljónum króna frá Reykjavíkurborg. Það er hins vegar ljóst að notendur Frú Ragnheiðar koma úr öllum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Hefur þetta komið enn betur í ljós eftir að símaþjónusta bílsins var tekin í notkun, þar sem notendur geta óskað eftir að fá þjónustuna til sín. Í því samhengi er mikilvægt að hafa í huga að rannsóknir hafa sýnt að jaðarhópar búa við skert aðgengi að heilbrigðisþjónustu m.a. vegna félagslegrar og efnahagslegrar stöðu sinnar.

Sú grunnheilbrigðisþjónusta sem boðið er upp á í Frú Ragnheiði er því afar mikilvæg þeim hópum sem hér um ræðir, þjónusta sem er sérstaklega sniðin að þörfum þeirra og í þeirra nærumhverfi. Í ljósi þessa óskar Frú Ragnheiður hér með eftir aðkomu Hafnarfjarðarbæjar að rekstri Frú Ragnheiðar, með fjárframlagi.

Með fyrirfram þökk.

Svala Jóhannesdóttir

Verkefnastýra Frú Ragnheiðar

Rauði krossinn í Reykjavík

Sími: 852-2707